

Fundargerð aðalfundar 2018

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2018 var haldinn í Katrínartúni 2 í Reykjavík, 30. maí 2018 kl. 15:00. Mættir voru fulltrúar 10 hluthafa sem eiga 80,25% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað og fundurinn sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, hrl., fundarstjóra og Stefáníu Gunnarsdóttur, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:


1. Árni Sigurjónsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn.
Ársreikningurinn var samþykktur.
3. Ekki lá fyrir tillaga að breytingum á samþykktum.
4. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var tillagan samþykkt. Stöðurnar eru því skipaðar svo:
 - Árni Sigurjónsson (kt. 281255-3399), stjórnarmaður.
 - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
 - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
 - Pálína Magnúsdóttir (kt. 1511637269) stjórnarmaður
 - Halldóra Jónsdóttir (kt. 271055-2779), varamaður í stjórn.
 - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
 - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
5. Hagnaður af rekstri ársins 2017 gengur til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess. Samþykkt einróma.
6. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2018 til aðalfundar 2019 verði kr. 31.500 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Um er að ræða 5% hækkun á þeirri þóknun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 24. maí 2017. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
7. Önnur mál.
Eiríkur Þorláksson lýsti ánægju með reksturinn. Hann varpaði fram þeirri hugmynd hvort stjórn Landskerfa hafi fjallað um sérþætta þjónustu fyrir önnur fyrirtæki og mögulega Þjóðskjalasafn. Spurning um hvort Landskerfi sækji á þau mið eða ekki. Árni Sigurjónsson svaraði því til að bókasöfnin séu í forgrunni en svo kemur Sarpur sem viðbót. Karl Guðmundsson spurði hvaðan frumkvæðið ætti að koma. Sveinbjörg upplýsti að Rúv væri að þreifa fyrir sér að gera lýsigögn fyrir íslenskt efni aðgengilegt í leitir.is og bætti við að gagnkvæmur áhugi væri á samstarfi. Ingibjörg Sverrisdóttir bætti við mikilvægi nafnmyndaskráar á landsvísu. Eiríkur staðfesti það sem fram hafði komið hjá Árna að leysa þurfi höfundaréttarmálin og finna þurfi skráningarkerfi á rafrænum gögnum skjalasafna sveitarfélaga. Ingibjörg benti líka á kvikmyndasafnið. Sveinbjörg sagði félagið vera opið fyrir öllum góðum hugmyndum, ef leitað er til félagsins.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 16.00.



Erla S. Árnadóttir



Stefanía Gunnarsdóttir